



Íslenska 4. bekkur 2025-2026

Í íslenskunni verður unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir 1. - 4. bekk. Áhersla er lögð á:

- Talað mál, hlustun og áhorf
- Lestur, bókmenntir og lesskilning
- Málfræði
- Ritun og skrift

Kennsluaðferðir

Íslenskukennslan fer aðallega fram í stöðvavinnu. Nemendahópnum er skipt í fjóra hópa. Í hverri viku eru skipulagðar ólíkar stöðvar og vinna nemendur 25-30 mín. á hverri stöð. Stöðvaverkefni eru fjölbreytt og lifandi. Þar að auki er lögð mikil áhersla á lestur og hlustun. Sem dæmi er yndislestrarstund nokkrum sinnum í viku, PALS tvisvar í viku í 12 vikur og lesið er fyrir nemendur í nestistímum.

Námsefni og gögn

Lesrún 2, Skrift: *Góður, betri, bestur*, Skrift 2a, rafrænt efni, spil, leikir og fjölbreytt verkefni úr ýmsum áttum.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg. Leiðsagnarnám hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvætt og gagnleg svo nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Einnig verða lagðar fyrir kannanir, matslistar, skimanir og próf og hæfni færð inn í hæfnikort nemenda.

Kennarar María og Signý



Stærðfræði 4. bekkur 2025-2026

Í stærðfræðinni verður unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir 1.- 4. bekk. Þeir námsþættir sem unnið er með eru:

- Hnitakerfið
- Tölur stærri en 1000 og minni en 0
- Samlagning og frádráttur
- Tími og klukkan
- Margföldun og deiling
- Samhverfa og mynstur
- Ummál og flatarmál
- Mælingar og tugabrot
- Almenn brot
- Reikningur
- Tölfræði

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum.

Nemendur vinna annars vegar í hefðbundinni bókavinnu og hins vegar í hringekju þar sem notast er við fjölbreytt verkefni. Dæmi um stöðvaverkefni eru spil, mælingar, þrautir, kennsluforrit og ýmis verkefni. Í stærðfræði vinna nemendur ýmist einstaklingslega, í hópavinnu og í pörum.

Námsefni og gögn - Hvað notum við í náminu.

Námsgögn sem við notum:

- Sproti 4a (fyrir áramót) og Sproti 4b (eftir áramót)
- Sproti - æfingahefti 4a og 4b
- Stærðfræði spæjarar
- Ýmis verkefni, spil og þrautir
- Ýmis kennsluforrit

Námsmat – Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg. Leiðsagnarnám hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvætt og gagnlegt svo nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Einnig verða lagðar fyrir kannanir eftir hvern námsþátt, matslistar, skimanir og próf og hæfni færð inn í hæfnikort nemenda.

Kennarar María og Signý



Þema 4. bekkur 2024-2025

Samfélags- og náttúrugreinar eru kenndar í þemalotum samþætt við aðrar námsgreinar eins og íslensku, upplýsingatækni og lífsleikni. Þemun sem tekin eru fyrir í 4. bekk eru Umhverfi og ábyrgð, Plánetur og Saga mannkyns. Möguleiki er á að fjórða þemað bætist við í lok annar.

Kennsluaðferðir

Fjölbreyttar kennsluaðferðir; stöðvavinna, bein kennsla, innlagnir, samvinnunám, söguaðferðin, skapandi verkefni, kynningar, vettvangsferðir o.fl.

Námsefni og gögn

Ýmsar kennslu- og fræðibækur, námsforrit, vefsíður og kennsluvefir MMS, youtube ofl.

Námsmat

Kennari metur virkni, vinnubrögð, áhuga og vinnusemi í kennslustundum. Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg. Einnig er notast við kannanir, jafningjamat, sjálfsmat, einstaklingsverkefni, nemendakynningar ofl.

Kennarar María Skúladóttir og Signý Ingadóttir



Lífsleikni 4. bekkur 2025-2026

Í lífsleikni vinnum við eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir 1.- 4. bekk. Aðaláherslur er lögð á að kenna börnunum góðar samskiptavenjur, sjálfsstjórn og félagsfærni auk þess að læra að þekkja sig og nærumhverfið sitt. Lífsleiknikennsla fléttast inn í daglegt starf en gert er ráð fyrir reglulegum bekkjarfundum og vikulegum lífsleiknitímum.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir í lífsleikni eru mjög fjölbreyttar s.s. bekkjarfundir, kynningar, myndbönd, klípusögur, samræður, leikir og verkefnavinna. Auk þess grípa kennarar tækifærin, þegar upp koma mál hjá nemendum eða í samfélaginu, og taka umræðuna í hópnum.

Námsefni og gögn

Uppeldi til ábyrgðar: Þarfir, gildi, hlutverk, jákvæð samskipti, mistök, sjálfsstjórn

Vaxandi hugarfar: Heilinn, jákvæðar hugsanir

Slökun og hugleiðsla: Heillastjarnan

Ég og hinir: Verkefnahefti

Halló Heimur 2 og 3

Leikir og spil

Myndbönd

Námsmat

Þátttaka nemenda og vinnubrögð þeirra eru metin.

Kennarar María og Signý



Enska 4. bekkur 2025-2026

Tungumálið er lifandi verkfæri til samskipta, sköpunar og menningarlæsis. Markmiðið er að nemendur öðlist sjálfstraust í að nota ensku í leik og starfi og þrói með sér jákvætt viðhorf til tungumálanáms.

Kennsluaðferðir

Lögð er áhersla á að hvetja nemendur til að tala ensku, læra orð, setningamynstur og tækni til að skilja og nota tungumálið. Markvisst er lögð áhersla á að efla orðaforða nemenda til að byggja góðan grunn undir framhaldandi nám í ensku.

Námsefni

Yes we can 3 og 4 lestrabækur, vinnubækur, hljóðefni og námsefni á vef.

Námsmat

Byggir á símati og leiðsagnarmati, nemendur leysa sjálfsmatsverkefni í lok hvers kafla í verkefnabók og leggja mat á hvar þeir er staddur í námsferlinu með aðstoð kennara.

Kennari Gábor Réz



Íþróttir 4.bekkur 2025-2026

Helstu áherslur íþróttakennslu á yngri stigum eru samvinna, hreyfing, félagsfærni og virkni. Unnið er með grunnþætti hreyfingar og samvinnu í gegnum fjölbreytta leiki og kynningu á íþróttagreinum.

Kennsluaðferðir

Við notumst við mismunandi leiki og formkennslu svo sem stöðvar , leiki með og án áhalda , hringþjálfun og fleira.

Uppbygging kennslu er þannig : Upphitun , aðalþáttur 1 og aðalþáttur 2 og niðurlag.

Kennt er í íþróttahúsi Ingunnarskóla og í nærumhverfi skólans.

Námsefni og gögn

Boltar, kistur, kaðlar, spaðar, húllahringir, sippubönd, dýnur og margt fleira.

Námsmat

Matið er leiðbeinandi og byggir á virkni, félagsfærni og framförum nemandans í hreyfileikni.

Kennarar Haraldur Þorvarðarson og Matthías Jochum Matthíasson



Sund 4. bekkur 2025-2026

Við lok 4. bekkjar getur nemandi:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta: tekið þátt í stöðluðum prófum, kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni. Synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.

Félagslegir þættir: skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum, gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.

Heilsa og efling þekkingar: skýrt mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun, útskýrt líkamlegan mun á kynjum, notað einföld hugtök sem tengjast sundiðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu, þekkt heiti helstu líkamshluta, magn- og afstöðuhugtaka og hreyfinga, gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.

Öryggis- og skipulagsreglu: farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.

Kennsluaðferðir

Nemandi þjálfir sig í að fara eftir reglum á sundstöðum. Í lok fjórða bekkjar er miðað við að nemandi geti framkvæmt eftirfarandi þætti: 25 m bringusund, 15 m skólabaksund, 12 m skriðsund með eða án hjálpartækja, 12 m baksund með eða án hjálpartækja. Flugsundsfótatök með eða án hjálpartækja.

Leiðsagnarmat

Gefin er einkunn fyrir hvern og einn þátt: **S** fyrir settu marki náð, **F** fyrir framvinda góð, **P** fyrir þarfnast frekari þjálfunar.

Lokamat: Framúrskarandi, Hæfni náð, Þarfnast þjálfunar, Hæfni ekki náð

Kennari Gábor Réz



Heimilisfræði 4.bekkur 2025– 2026

Kennsluaðferðir

Kennt er einu sinni í viku 80 mínútur í senn. Hver hópur kemur 1/ 3 af vetrinum eða í um 12 skipti. Verkefni eru útskýrð fyrir öllum hópnum í einu og honum síðan skipt upp í tveggja manna hópa. Síðan fer fram einstaklingsaðstoð svo allir nái sem bestum tókum á þeim aðferðum sem verið er að kenna.

Hæfniviðmið í heimilisfræðikennslu í lok 4. bekkjar eru að nemendur:

- geti tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- geti valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líða
- geti farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- geti sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni
- geti farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld

Að auki er lögð áhersla á að nemendur:

- fái þjálfun í að ganga vel um og sýna hreinlæti við störf í eldhúsinu.
- fái verklega þjálfun í heimilisfræði.
- fái þjálfun í að vinna með öðrum.

Námsefni og gögn

- Uppskriftir úr ýmsum áttum – úr bókum og af netinu
- Áhöld, hráefni og matvæli úr kennslueldhúsinu
- Uppskriftir og verkefni úr kennslubókunum Heimilisfræði fyrir byrjendur, Gott og gagnlegt og Holtt og gott <https://mms.is/namsefni>

Námsmat

Leiðbeinandi símat í hverri kennslustund. Lögð er áhersla á að leiðbeina á uppbyggjandi hátt og hrósa fyrir góð vinnubrögð. Lokanámsmat byggir á þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er unnið samkvæmt hæfnikorti Aðalnámskrár grunnskóla. Flestar uppskriftir eru settar inn á heimasíðu heimilisfræðinnar. Slóðin er : <http://audhumla.weebly.com>

Heimilisfræðikennari Þuríður Aðalsteinsdóttir



Textíll 4. bekkur 2025-2026

Textíilverkefnin eru skipulögð með það í huga að nemendur læri og þjálfist í margvíslegri færni sem bæði tengist aðferðum greinarinnar og sköpunar þættinum.

Kennsluaðferðir

Kennt er í tveim samliggjandi kennslustundum á viku og kemur hver hópur 1/3 af vetrinum eða í um 12 skipti. Verkefni eru ýmist kynnt og útskýrð fyrir öllum hópnum í einu eða honum skipt upp. Síðan fer fram einstaklingsaðstoð svo allir nái sem bestum tókum á þeim aðferðum sem verið er að kenna. Helstu markmið eru að nemandi:

- upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin verks
- þjálfí fínhyfingar ásamt samhæfingu huga og handa
- sníði og klippi eftir pappírssniði
- þjálfist í að sauma í saumavél
- teikni, máli eða liti á efni
- vinni með tvöfalt efni, klippi og saumi saman
- snúi band eða læri að hnýta vinaband
- þjálfist í að nota hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar
- venji sig á að ganga frá áhöldum, eignum og verkefnum

Námsefni og gögn

Efni og áhöld frá kennara.

Námsmat

Frammistaða nemenda er metin jafnt og þétt meðan á kennslutímabili stendur. Notaður er matslisti þar sem merkt er við þættina: virkni, verkfærni og umgengni. Einnig er merkt inn á hæfnikort nemenda í Mentor.

Kennari Sigríður Rafnsdóttir



Sköpunarsmiðjur 4. bekkur 2025-2026

Í sköpunarsmiðjum er unnið markvisst að því að efla sköpunargáfu, tæknilæsi og lausnamiðaða hugsun nemenda í samræmi við grunnþætti menntunar og áherslur í STEAM (Science, Technology, Engineering, Art, Math). Byggt er á hæfniviðmiðum aðalnámskrár í upplýsinga- og tæknimennt, hönnun og smíði ásamt lykilhæfni.

Markmið smíðjunnar er að nemendur öðlist færni í að nýta tækni og skapandi hugsun til að leysa viðfangsefni, vinna saman og miðla hugmyndum sínum.

Kennsluaðferðir

Kennslustundir byggjast upp á stuttri innlögn kennara eða sýnikennslu, en megináhersla er lögð á virka þátttöku nemenda í verklegum æfingum.

- **Verkefnamiðað nám:** Nemendur fá áskoranir sem þeir þurfa að leysa.
- **Stöðvavinna:** Unnið er í smærri hópum til að tryggja að allir fái aðgengi að tækjum og efni.
- **Leikjavæðing:** Nám gert að leik til að auka áhuga og virkni.

Námsefni og gögn

Áherslur sköpunarsmiðjanna beinast að þremur kjarnapáttum sem fléttast saman í verkefnavinnu:

- **Sköpun, hönnun og nýsköpun:** Nemendur þjálfast í að nota fjölbreytt efni (t.d. Lego, endurnýtanlegt efni) og tækni til að hanna lausnir. Lögð er áhersla á ferlið frá hugmynd að lokaverki (hönnunarferlið).
- **Tækni og lausnaleit:** Nemendur kynnast forritun, verkfræðilegum pælingum (e. engineering) og rökhugsun í gegnum leik og tilraunir.
- **Samvinna og miðlun:** Nemendur læra að vinna saman í hópum, ræða hugmyndir sínar, gera tilraunir, mistakast og reyna aftur.

Námsmat

Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem kennari fylgist með vinnuframlagi, virkni og samvinnu nemenda í tímum.

Kennarar á yngsta stigi



T.T.S. Tal- tjáning- söngur 4. bekkur 2025-2026

Íslenska í tali, tónum og takti

Tal

Notast er við skemmtilega og óvenjulega orðaleiki sem styrkja íslenska málfræði t.d. sagnorða-slöngur, nafnorða-stafróf, lýsingarorðaleikrit, rímleiki og rapp. Miðað er við námsskrá og gjarnan er unnið í góðu samstarfi við umsjónarkennara varðandi áherslur. **Markmið** Að leika okkur með tungumálið og um leið læra helling.

Námsefni

T.T.S. leikir og æfingar, T.T.S. spil, Meiriháttar málfræðikvæði.

Tjáning

Orðakassi er afmarkað rými á gólfi kennslustofunnar. Sá eða sú sem þar stendur er með orðið. Í orðakassa er þjálfuð færni í tjáningu, að færa rök fyrir máli sínu, segja frá sjálfum sér og sínum skoðunum. **Markmið** Auka orðaforða og efla íslenskt talmál. Styrkja nemendur í að koma fram fyrir hópinn og tjá sig. Þjálfva virka hlustun.

Námsefni

T.T.S. leikir og æfingar, T.T.S. spil

Söngur

Fátt er betra hópefli en samsöngur. Að syngja fjölbreytta og góða texta eykur orðaforða og eflir málþroska.

Námsefni

T.T.S. sönglög og æfingar sem innihalda fjölbreytt úrval nýrra sönglaga og þýðinga á vinsælum erlendum dægurlagatextum.

Kennari Jóhanna Halldórsdóttir